



FJARÐABYGGÐ

Reglugerð um kjör íþróttamanns Fjarðabyggðar

1. grein

Íþróttafélög í Fjarðabyggð, sem aðild eiga að Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands, skili til íþrótt- og tómsbundanefndar vali sínu á íþróttamanni ársins, til kjörsins fyrir 8. desember ár hvert. Þau félög sem ekki kjósa íþróttamann árlega, tilnefni einstakling til kjörs íþróttamanns Fjarðabyggðar fyrir sama tíma. Íþrótt- og tómsbundanefnd er heimilt að bæta við tilnefningum ef ástæða þykir til.

2. grein

Íþróttamaður Fjarðabyggðar verður að hafa á árinu keppt í íþrótt sinni fyrir íþróttafélag í Fjarðabyggð eða UÍA og vera með lögheimili í Fjarðabyggð. Hann verður að hafa sýnt góða frammistöðu í sinni grein og vera til fyrirmyndar fyrir íþrótt sína og íþróttafélaginu og sveitarfélaginu til sóma.

3. grein

Aðalmenn og varamenn í íþrótt- og tómsbundanefnd Fjarðabyggðar velja íþróttamenn ársins. skv. sérstakri vinnureglu þar að lútandi.

4. grein

Tilnefndir íþróttamenn hljóta sérstaka viðurkenningu, en kjörnir Íþróttamenn Fjarðabyggðar hljóta eignarbikar, ásamt farandgrip sem viðkomandi varðveitir í eitt ár.

5. grein

Viðurkenningar eru einnig veittar þeim íþróttamönnum sem tekið hafa þátt í landsliðum (einnig unglínga-, karla og kvenna) á árinu.

6. grein

Afhending viðurkenninga og tilkynning um val Íþróttamanns Fjarðabyggðar skal fara fram um áramót ár hvert. Meginfélögin í Fjarðabyggð skiptast á að sjá um afhendingarathöfn í samvinnu við íþrótt- og tómsbundafulltrúa. Röðin er eftirfarandi: Þróttur, Valur, Austri, Leiknir, Súlan, Hrafnkell Freysgoði.

Fjarðabyggð 31. ágúst 2018


Karl Ottar Pétursson
bæjarstjóri

Samþykkt í íþrótt- og tómsbundanefnd 21. ágúst 2018

Samþykkt í bæjarráði 28. ágúst 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 30. ágúst 2018